



ORKUSTOFNUN

**Úrkomumælingar í safnmælum á vegum
Orkustofnunar 1992-1993**

Óskar Halldórsson

Greinargerð OH-97-01

Úrkomumælingar í safnmælum á vegum Orkustofnunar 1992 - 1993

Inngangur

Greint er frá mælingum í 5 safnmælum („totalisatorum“) á hálendinu á vatnasviði Tungnaár og einum í Krepputungu, sem Vatnamælingar Orkustofnunar annast um. Tímabilið sem hér um ræðir er frá október 1992 til október 1993.

Greinargerðin er rituð til þess að koma þessum athugunum á framfæri við Veðurstofuna.

Athuganir 1992 og 1993

Um mælinn í Krepputungu sér Ásgeir Gunnarsson á Egilsstöðum.

Í töflu 1 eru gefnar tölur um athuganir í safnmælum 1992-1993. „-ný staða“ gefur álestur að aflokinni tæmingu og enduráfyllingu með saltblöndu og olíu.

Í töflu 2 eru síðan lokatölurnar, úrkoma í mm á tímabilinu. Við umreikning á mældum cm í safnmæli yfir í mm úrkomu er miðað við tölur í skilagrein Vatnamælinga nr. 164 „Snjómæling inni á hálendinu. Úrkomumælingar“, sem Sigurjón Rist ritaði síðla árs 1958. Þar er lýst kvörðun á safnmælinum í Jökulheimum, en hann mun vera sömu gerðar og aðrir safnmælar á hálendinu. Samkvæmt henni er hlutfallið milli þverskurðarflatarmáls söfnunarbelgs og mæliops $14,16 \pm 0,10$. Hver cm í safnmæli svarar þá til 141,6 mm úrkomu.

TAFLA 1. Athuganir í safnmælum 1992-1993				
Mælistaður	Staðsetning	Hæð m y.s.	Dags.	Álestur cm
Hald við Tungnaá -ný staða -ný staða	64°10'N 19°24'W	290	1992-10-02	-83.9
			1992-10-02	-89.6
			1993-10-12	-84.4
			1993-10-12	-89.7
Veiðivatnahraun -ný staða -ný staða	64°21'N 18°39'W	605	1992-10-02	-81.1
			1992-10-02	-86.0
			1993-10-12	-81.6
			1993-10-12	-87.2
Ljósufjöll -ný staða -ný staða	64°14'N 18°34'W	645	1992-10-01	-79.6
			1992-10-01	-86.0
			1993-10-12	-81.1
			1993-10-13	-87.5
Jökulheimar -ný staða -ný staða	64°18'N 18°15'W	675	1992-10-01	-82.2
			1992-10-01	-87.6
			1993-10-12	-82.0
			1993-10-13	-89.2
Kjalöldur -ný staða -ný staða	64°26'N 18°55'W	590	1992-10-02	-83.9
			1992-10-02	-87.5
			1993-10-12	-83.8
			1993-10-12	-88.4
Krepputunga -ný staða	65°05'N 16°13'W	550	1992-03-06	-88.2
			1992-06-04	-87.7
			1992-07-29	-87.1
			1992-09-12	-86.0
			1992-09-12	-92.4
			1993-04-03	-91.1
			1993-06-15	-90.9
			1993-07-29	-90.1
1993-09-18	-89.7			

TAFLA 2. Úrkoma í safnmælum 1992-1993				
Mælistaður	Staðsetning	Hæð m y.s.	Tímabil	Úrkoma mm
Hald við Tungnaá	64°10'N 19°24'W	290	1992-10-02 - 1993-10-12	736
Veiðivatnahraun	64°21'N 18°39'W	605	1992-10-02 - 1993-10-12	623
Ljósufjöll	64°14'N 18°34'W	645	1992-10-01 - 1993-10-13	694
Jökulheimar	64°18'N 18°15'W	675	1992-10-01 - 1993-10-13	793
Kjalöldur	64°26'N 18°55'W	590	1992-10-02 - 1993-10-02	524
Krepputunga	65°05'N 16°13'W	550	1992-09-12 - 1993-09-18	382